

Miðvikudaginn 15. nóv. 1922.

Nr. 35/1922.

Lárus Fjeldsted
f. h. Íslandsbanka
 (L. Fjeldsted)

gegn

**Uppboðsráðandanum og
 skiftaráðandanum í Reykjavík**

(Magnús Guðmundsson),

um rjett ófullnægðs veðhafa í skipi að fá það sem
 hæstbjóðandi útlagt til eignar.

Úrskurður uppboðsráðanda Reykjavíkur 7.
 júlí 1921: Krafa Lárusar Fjeldsted hrmflm. f. h. Íslands-
 banka um að fá mótorskipið Viking R. E. 31 útlagt fyrir hæsta
 boð, verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Málinu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar sam-
 kvæmt áfrýjunarleyfi dags. 5. júlí þ. á.

Hjer fyrir rjettinum hefir það verið upplýst, að
 eignir hlutafjeldagsins »Mar«, er var eigandi þilskips-
 ins Vikingur R. E. 31, voru teknar til skifta sem
 protabú, eftir að fjárnámið var gjört í skipinu en
 áður en nauðungaruppboðin fóru fram. Nú hefir að
 visu hlutafjeldaginu »Mar« ekki verið stefnt, en þar
 sem skiftaráðandanum í protabúinu hefir verið stefnt,
 og mætt hefir verið fyrir hans hönd, þykir ekki
 fyrir þessa sök ástæða til að frávísa málinu.

Það er engum vafa undirorpið, og er viðurkent
 af málsaðilum, að ef um fasteignarveð hefði verið að
 ræða, voru öll skilyrði fyrir hendi til þess að veð-
 hafi hefði getað fengið veðið útlagt sjer til eignar,
 og með því að álíta verður, að reglunni um útlagn-
 ign veðsins til eignar, verði jafn vel við komið um

skrásett þilskip sem fasteign, þá átti áfrýjandi samkvæmt siglingalögunum 30. nóv. 1914, 5. gr. 1. málsg. r., rjett á að fá skipið útlagt sjer til eignar fyrir það verð, er hæst var boðið á uppboðinu.

Verður því að fella úrskurð uppboðsráðanda úr gildi og skylda skiftaráðandann í protabúi hlutafjellsins »Mar« til að leggja áfrýjanda skipið út til eignar fyrir hæsta boð, 75000 krónur.

Áfrýjandi hefir ekki krafist málskostnaðar fyrir hæstarjetti og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður er feldur úr gildi og ber skiftaráðandanum í Reykjavík að leggja hæstarjettarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted f. h. Íslandsbanka þilskipið Vikingur R. E. 31 út til eignar fyrir 75000 krónur.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir hrjmfim. Lárus Fjeldsted krafist þess fyrir hönd Íslandsbanka, að bankanum verði lagt út til eignar mótorskipið Vikingur R. E. 31 fyrir hæsta boð, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um fasteignarveð, þegar veðhafi fær ekki fulla greiðslu veðskuldar sinnar.

Í 5. gr. siglingalaganna nr. 56, 30. nóv. 1914 er svo ákvæðið, að um stofnun og vernd eignarrjettar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta, skuli farið eftir reglunum um fasteignir að svo miklu leyti sem þeim verði komið við. Þó er sjólánsveð undanþegið þessu ákvæði, og að öðru leyti gilda sömu reglur um sjálfsvörsluveðrjett í skipi og í öðru lausafje.

Það þarf nú væntanlega eigi að leiða rök að því, að reglurnar um, að fasteign etí orðið útlögð veðhafa, sem ekki fær

fulla greiðslu skuldar sinnar af andvirði veðsins, snerta hvorki stofnun nje vernd veðrjettarins, heldur innihald hans. En einnig spurningunni um það, hvort reglur þessar snerti eigi stofnun eignarrjettarins, verður að álitu uppboðsrjettarins, að svara neitandi. Þegar fasteign er lögð út, er uppboðinu hætt sem árangurslausu og veðhafinn fær engan eignarrjett yfir veðinu við uppboðið. Réttur slíks veðhafa til þess að fá veðið útlagt á því verði, sem hæst er boðið, byggist því á innihaldi veðrjettarins í fasteign, en um innihald veðrjettarins í skipinu gilda, eins og tekið hefir verið fram, reglurnar um innihald veðrjettar í lausafje, en veðrjettur í því heimilar veðhafa engan frekari rjett til að verða eigandi veðsins, en hverjum öðrum, sem á uppboði býður í það.

Rjetturinn fær því ekki sjeð, að veðhafi í skipum eigi rjett á að fá þau útlögð eftir sömu reglum og gilda um veðhafa í fasteignum að því er þær snertir, og verður framangreind krafa Lárusar Fjeldsted hrmflm. f. h. Íslandsbanka því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 27. nóv. 1922.

Nr. 46/1922.

Rjettvísín

(Sigurður Sigurðsson)

gegn

Lárusi Óskari Frímannssyni

(Jón Ásbjörnsson)

og

Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni

(L. Fjeldsted).

Sauðapjófnadarmál.

Dómur aukarjettar Húnavatnssýslu 3. júní 1922: Ákærði Lárus Óskar Frímannsson sæti 15 — fimtán — mánaða betrunarhúsvinnu. — Ákærði Gunnlaugur Friðrik Sig-